

Minnisblað25. janúar 2024, Reykjavík
V-2022-189/07.01**Efni: Umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna skipulagsmála Búrfellslundar. Viðbrögð Landsvirkjunar.**

Landsvirkjun vill koma á framfæri eftirfarandi viðbrögðum vegna umsagnar sem sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps sendi í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar vegna skipulagsmála Búrfellslundar, dags. 20. desember 2023. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir Búrfellslund¹ og breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028².

Í umsögninni er því ranglega haldið fram að Búrfellslundur sé fyrirhugaður í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:

Sá Búrfellslundur sem Alþingi sett í orkunýtingarflokk 15. júní 2022 er staðsettur bæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi Ytra.

Einnig kemur eftirfarandi fram í umsögninni :

Meirihluti sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er hlynntur áframhaldandi uppbyggingu orkuvinnslu í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn undrast vinnubrögð Landsvirkjunar um að breyta virkjanakostinum Búrfellslundi til þess að reyna að komast framhjá því að vinna með nærsamfélaginu og fara framhjá lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Slík vinnubrögð telur sveitarstjórn ekki samræmast gildandi samfélagsstefnu Landsvirkjunar um að vera góður granni og leggja áherslu á góð samskipti og samvinnu við nærsamfélög.

Í umsögninni er því haldið fram að þar sem fyrirhugaður Búrfellslundur sé staðsettur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sé sveitarstjórn heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun og því sé fyrirhugaður virkjunarkostur ekki í nýtingarflokki heldur í biðflokki skv. lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.

Hvergi í þeim gögnum sem unnið var með í tengslum við endurhönnun Búrfellslundar (virkjunarkostur 4301B), sem var settur í nýtingarflokk Rammaáætlunar þann 15. júní 2022 af Alþingi, kemur fram að virkjunarkosturinn sé staðsettur innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps eins og sveitarstjórnin heldur fram í umsögn sinni. Þá er ekki að finna í fyrirliggjandi skipulagsgögnum né í gögnum um tengingu raforku frá Landsneti að einhver hluti fyrirhugaðra framkvæmda við Búrfellslund séu innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Framangreindar fullyrðingar í umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eiga því ekki við rök að styðjast. Þar sem Búrfellslundur er ekki innan staðarmarka Skeiða- og Gnúpverjahrepps er ljóst að sveitarfélagið fer ekki með ákvörðunarvald á grundvelli laga nr. 48/2011 eða annara laga er snúa að leyfisveitingu eða skipulagi.

Rammaáætlun, virkjunarkostur R3301A

Við fyrri áform Búrfellslundar var³ vindorkuverið tekið fyrir sem virkjunarkostur í 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar 2013-2017 (Rammaáætlun). Virkjunarkosturinn fékk heitið R3301A Búrfellslundur. Virkjunarkosturinn byggði á þeim tillögum sem fram komu í mati á umhverfisáhrifum frá 2016. Um var að ræða 200 MW vindorkugarð sem fyrirhugaður var á allt að 40 km² svæði með allt að 63 vindmyllur og voru meginhugmyndir virkjunarkostsins innan Rangárþings ytra en einn

¹ <https://skipulagsgatt.is/issues/2023/816>

² <https://skipulagsgatt.is/issues/2023/512>

³ https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/RA3-Lokaskyrsla-160826-2.pdf

valkostur gerði þó ráð fyrir um 6 vindmyllum innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Einnig var rannsóknarsvæði skilgreint allt að 70 km² og náði að hluta til Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Niðurstaða verkefnisstjórnar var á þeim tíma að setja virkjunarkostinn í biðflokk Rammaáætlunar.

Endurhönnun virkjunarkosts

Í kjölfarið fór fram endurhönnun Búrfellslundar til að bregðast við og koma til móts við þær athugasemdir og ábendingar sem bárust við fyrri tillögu í umhverfismati og 3. áfanga Rammaáætlunar. Dregið var úr umfangi vindorkuversins bæði í uppsettu afli og að flatarmáli með það að meginmarkmiði að draga úr ásýnd hans. Niðurstaðan var að vindorkuverið er eingöngu innan Rangárþings ytra og innan þessa rannsóknarsvæðis sem var afmarkað í upphafi. Vindorkuverið er nú staðsett á öðrum stað innan eldra svæðis. Svæðið varð um 19 km² í stað 33 km² og vindmyllur um 30, í stað 67 áður (núverandi deiliskipulagstillaga er rúmlega 17 km²).

Rammaáætlun, virkjunarkostur R4301B

Landsvirkjun gaf út skýrsluna „Búrfellslundur – Endurhönnun virkjunarkosts“ árið 2020⁴ eða virkjunarkost R4301B í 4. áfanga Rammaáætlunar. Um var að ræða endurhönnun Búrfellslundar þar sem komið var til móts við þær athugasemdir og ábendingar sem bárust við fyrri tillögu í umhverfismati og 3. áfanga Rammaáætlunar.

Í endurhönnuninni er virkjunarkosturinn að öllu leyti innan Rangárþings ytra og áætlaður 120 MW á allt að 19 km² svæði með allt að 30 vindmyllum. Ekki var minnst á Skeiða- og Gnúpverjahrepp í nýrri tilhögun virkjunarkostsins. Sé litið til raforkutenginga þá kom eftirfarandi fram í kafla um flutning raforku í framangreindri skýrslu um tilhögun virkjunarkostsins:

2.4 Flutningur raforku

Landsnet sér um flutning raforku í samræmi við Raforkulög nr. 65/2003. Sjö vatnsaflsvirkjanir í eigu Landsvirkjunar eru í næsta nágrenni við fyrirhugaðar vindmyllur í Búrfellslundi og eru innviðir til raforkuflutnings því þegar fyrir á svæðinu. Fyrirhugað er að tengja saman og safna raforku frá vindmyllunum eftir jarðstrengjum að tengivirki innan svæðis. Fyrirkomulag tengingarinnar við flutningskerfið er háð því hver endanleg stærð vindlundarins verður.

Afgreiðsla Alþingis

Í meðferð Alþingis þann 15. júní 2022 var virkjunarkosturinn færður úr biðflokki í nýtingarflokk. Þar er um að ræða endurhannaðan Búrfellslund (R4301B) eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni. Eftirfarandi rök voru sett fram af meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar⁵:

„Í ljósi alls framangreinds leggur meiri hlutinn því til að virkjunarkosturinn verði færður úr biðflokki yfir í nýtingarflokk. Meirihlutinn áréttar að um sama virkjunarkost er að ræða og tekinn var til umfjöllunar í verkefnisstjórn en þróun virkjunarkostsins hefur hins vegar leitt til breyttrar útfærslu hans eins og fram hefur komið og er sá kostur auðkenndur með númerinu R4301B í stað R3301A.“

⁴ <http://gogn.lv.is/files/2020/2020-008.pdf>

⁵ <https://www.althingi.is/alttext/152/s/1210.html>

Búrfellslundur.

Vindorkukostinum Búrfellslundi er raðað í biðflokk í fyrirbyggjandi tillögu með þeim rökum að hann sé á röskuðu svæði sem hafi lágt verndargildi en áhrif hans á ferðamennsku og útivist séu hins vegar mikil.

Meiri hlutinn bendir á að í umsögnum hafa komið fram ábendingar um að fyrirhugaður vindorkukostur kunni ekki að hafa þau víðtæku áhrif á ferðamennsku sem niðurstaða faghóps 2 byggði á. Auk þess hafi það sýnt sig að viðkomandi svæði henti afar vel til vindorkuframleiðslu og að nýtni þeirra vindmylla sem reistar hafi verið til rannsóknna á svæðinu sé eins og best gerist á heimsvísu. Að mati meiri hlutans er mikilvægt að horfa til þeirra samlegðaráhrifa sem skapast við nýtingu vindorku nálægt vatnsaflsvirkjun, þ.e. að tækifæri skapast til að bæta nýtingu þeirra miðlunarlóna sem fyrir eru á svæðinu. Þá er vindorkan að vissu leyti óþekkt stærð og því gild rök fyrir því mati meiri hlutans að horfa til þess að vindorkugarðar séu reistir á svæðum þar sem þegar eru vatnsaflsvirkjanir í rekstri. Þá kemur fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að leggja eigi áherslu á að vindorkuver byggist upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum þar sem unnt verði að tryggja afhendingaröryggi og lágmarka umhverfisáhrif. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að umræddur virkjunarkostur er á hendi opinbers fyrirtækis, um sé að ræða svæði sem þegar er raskað og með lágt verndargildi og að þróun virkjunarkostsins hafi leitt til þess að sjónræn áhrif séu töluvert minni en upphaflega var áætlað.

Eins og fram hefur komið í umræðu um málið hafa skerðingar á raforku vegna slæms vatnsárs verið óvenjumiklar á liðnum vetri og raforkuöryggi ekki verið tryggt. Meiri hlutinn telur að Búrfellslundur geti verið mikilvægur hluti þess að tryggja betur nýtingu þeirra vatnsaflsvirkjana sem fyrir eru á svæðinu auk þess sem það rennir styrkari stoðum undir orkuöryggi. Þá var það mat faghóps 1 að áhrifasvæðið sé þegar raskað og hafi ekki hátt verndargildi. Meiri hlutinn vísar sérstaklega til þeirra breytinga sem Landsvirkjun hefur gert á virkjunarkostinum þannig að um verði að ræða allt að 120 MW virkjun í stað 200 MW. Þær breytingar voru gerðar eftir að verkefnisstjórn skilaði tillögum sínum til ráðherra um flokkun virkjunarkosta. Í ljósi alls framangreinds leggur meiri hlutinn því til að virkjunarkosturinn verði færður úr biðflokki yfir í nýtingarflokk. Meiri hlutinn áréttar að um sama virkjunarkost er að ræða og tekinn var til umfjöllunar í verkefnisstjórn en þróun virkjunarkostsins hefur hins vegar leitt til breyttrar útfærslu hans eins og fram hefur komið og er sá kostur auðkenndur með númerinu R4301B í stað R3301A.

Tenging við Skeiða- og Gnúpverjahrepp

Fyrirhugaður Búrfellslundur er líkt og ofan greinir allur innan Rangárbings ytra. Hvað varðar tengingu raforku frá Búrfellslundi til raforkukerfis kemur skýrt fram í kafla um skipulag í skipulags- og matslýsingu fyrir Búrfellslund frá nóvember 2022⁶:

2.6.3 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 var samþykkt 4.04.2020. Framkvæmdasvæði Búrfellslundar skarast ekki á við skipulagssvæði sveitarfélagsins en mögulega þarf að tengja vindorkugarðinn við tengivirki við Sultartanga seinna meir sem staðsett er innan marka Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Ef af því verður þá verður gerð óveruleg breyting á aðalskipulaginu með verður -streng/loftlínu að tengivirki við Sultartanga.

⁶ https://www.ry.is/static/files/skipulagsmal/101711-grg-001-v02_skipulags-og-matslysingin-fyrir-burfellslund.pdf

Í umhverfisskýrslu með kerfisáætlun Landsnets 2023-2032 frá maí 2023, uppfærð í september 2023, kemur fram að fyrirhugað tengivirki vegna Búrfellslundar er staðsett innan deiliskipulags Búrfellslundar eða skammt frá Ferjufiti sem er alfarið innan Rangárþings ytra.

Staðsetning innan Rangárþings ytra og samráð

Fyrirhugaður Búrfellslundur er alfarið innan sveitarfélagamarka Rangárþings ytra og hefur verið það frá því að skýrsla um endurhönnun virkjunarkostsins var lögð fram árið 2020. Það er sú endurhönnun/þróun virkjunarkostsins sem Alþingi færði úr biðflokki í nýtingarflokk, en ekki eldri útgáfa virkjunarkostsins.

Í gögnum fyrir Rammaáætlun er kveðið á um að fyrirhugað sé að tengja og safna raforku frá vindmyllunum „*innan svæðis*“ og hvergi er minnst á að slík tenging verði innan skipulagsmarka Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Áætlanir um að fyrirhugaður Búrfellslundur sé alfarið innan Rangárþings ytra eru því ekki nýjar af nálinni.

Frá því að endurhönnun Búrfellslundar var færð í nýtingarflokk hefur Landsvirkjun unnið með Rangárþingi ytra að gerð deiliskipulags og breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Það er því beinlínis rangt að halda því fram eins og fram kemur í umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að Landsvirkjun hafi breytt virkjunarkostinum til að reyna að komast hjá því að vinna með nærsamfélagi og víkja frá lögum um Rammaáætlun.

Í skipulags- og matslýsingu fyrir Búrfellslund frá nóvember 2022 kemur skýrt fram að framkvæmdasvæði Búrfellslundar skarast ekki á við skipulagssvæði Skeiða- og Gnúpverjahrepps en mögulega verði raforkutenging við tengivirki við Sultartangastöð. Slíkt var þó einungis sett fram sem valmöguleiki enda kom strax í byrjun árs 2023 fram sú tillaga hjá Landsneti að tengingu Búrfellslundar yrði innan deiliskipulagssvæðisins í Rangárþingi ytra. Er það í samræmi við þau gögn sem lögð voru fram við afgreiðslu Rammaáætlunar 4 frá 2020 um að fyrirhugað væri að tengja og safna raforku frá vindmyllunum „*innan svæðis*“.

Niðurstaða

Hvergi í þeim gögnum sem unnið var með í tengslum við endurhönnun Búrfellslundar (virkjunarkostur 4301B), sem var settur í nýtingarflokk Rammaáætlunar þann 15. júní 2022 af Alþingi, kemur fram að virkjunarkosturinn sé staðsettur innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps eins og sveitarstjórnin heldur fram í umsögn sinni. Þá er ekki að finna í fyrirliggjandi skipulagsgögnum né í gögnum um tengingu raforku frá Landsneti að einhver hluti fyrirhugaðra framkvæmda við Búrfellslund séu innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Framangreindar fullyrðingar í umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eiga því ekki við rök að styðjast.

Landsvirkjun vill að lokum ítreka að fyrirtækið leggur mikla áherslu á að vinna mál í náinni samvinnu við viðkomandi nærsamfélag og mun halda því áfram.

Virðingarfyllst,

Erlingur Geirsson
Verkefnisstjóri, þróun vindorku

Axel Valur Birgisson
Sérfræðingur, loftslag og grænar lausnir